

Fundargerð

Þriðjudaginn 17. apríl kl. 16:00 var fundur haldinn í stjórn Byggðasamlags um atvinnu og menningarmál A-Hún. Fundarstaður bæjarskrifstofa Blönduósbæjar. Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Guðmundur Haukur Jakobsson, Þóra Sverrisdóttir, Dagný Úlfarsdóttir og Valgarður Hilmarsson. Valgarður ritaði fundargerð. Adolf H. Berndsen, formaður setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

- 1. Kvennaskólinn framkvæmdir**
- 2. Héraðsskjalasafnið framkvæmdir**
- 3. Önnur mál**

Afgreiðslur:

1. Kvennaskólinn Framkvæmdir:

Fjárveiting er frá ríkinu á árinu 2018 að fjárhæð kr. 25. millj. Farið var yfir þær framkvæmdir sem hægt væri að fara í á árinu og var niðurstaðan að ljúka endurbótum við Árbraut 33 ásamt lagfæringu á lóð og hanna endurbætur í vefnaðarlofti og fl. í Árbraut 31.

2. Héraðsskjalasafnið framkvæmdir:

Farið var yfir nauðsyn þess að auka vörslurými safnsins með kaupum á fleiri skjalaskápum fyrir liggur tilboð á skápum kr. 2.105.929.- Þá var ákveðið að fara í viðgerð á hurð vestan á húsinu þar sem verið hefur leki um nokkur tíma

3. Önnur mál:

Adolf skýrði frá að sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar hefði samþykkt að verða aðili að rekstri upplýsingarmiðstöð ferðamála.

Rætt var um stöðu sauðfjárbænda í héraðinu stjórnin ákvað að óska eftir fundi með foráðamönnum SAH afurða.

Fleira ekki fyrir tekið
Fundu slitið kl. 17:10

Byggðasamlag um menningu og atvinnumál
